

**225. fundur stjórnar LSS haldinn þriðjudaginn 04.06 2013 kl. 13:00 á skrifstofu
LSS Brautarholti 30, 105 Reykjavík.**

Mættir: SBB, IGG, JS, BKr, EK, VLF.

1. Fundargerð síðustu fundar.

SP

2. Inntaka nýrra félaga

Engin umsókn.

3. Orlofsmál

Nokkrar vikur eru lausar í sumar og verða auglýstar sérstaklega.

Efni til að endurnýja baðherbergin í bústöðunum í Munaðarnesi er komið, það ásamt innihurðum kostar um 450.000kr/hús. Vinna við hús nr. 31 hefst 10.06.

Ákveðið að skoða kostnað við að gera sólpall við neðri hæðina á Skálatúni 33 á Akureyri, með haustinu.

4. LSS 40 ára

Ráðstefna og afmælishátíð tókst vel, góð mæting. Almenn ánægja virðist vera með það og afmælisritið.

5. Sjúkraflutningar

Farið yfir „menntunaráttak“ sem Fagdeild Sjúkraflutningamanna vill hrinda af stað í haust með samstarfsaðilum.

Ákveðið að leita svara við því hvað sjúkraflutningabifreið frá Rauða krossinum sé þungur í útkalli, full-lestaður með tveimur sjúkraflutningamönnum.

6. Menntunarmál Slökkviliðsmanna

Umræður um nám í forgangsakstri. Farið yfir bréf frá KIV. Athuga með viðræður við LL um námskeið fyrir LSS félagsmenn.

7. Samningar SNS, SNR og LSS

Kjarasamningsgerð við SNS er lokið með samkomulagi 17. apríl fyrir hlutastarfandi. Fundur er með SNR á morgun um stofnanasamning fyrir hlutastarfandi sjúkraflutninga-menn. Endurmat fyrir enduratið er í vinnslu.

8. Málefni forvarnardeildar

Fyrir liggja gögn um neikvæðan rekstur síðustu ár á Forvarnardeild LSS. Ákveðið var að leggja niður kennslu Eldvarnanámskeiða í FD í samráði við JP.

Umræður um að fá upplýsingar frá MVS um hvaða leyfi þurfa að hafa til að kenna eldvarnanámskeið.

9. Málefni Akureyrar

■ og ■ á leið í dómssál þar sem krafist verður miskabóta og fjárbóta frá Akureyrarbæ.

Lögfræðingur LSS krefur Akureyrarbæ um upplýsingar fyrir ■ vegna menntunar þess sem var talinn hæfari en hann sem ■.

10. Ársfundur

Ákveðið að skoða kostnað við að halda Ársþing LSS á t.d. Akureyri eða Munaðarnesi. Umræður um félagsgjöld.

11. Önnur mál:

- a) Umboðsmaður alþingis. Ekki er komin niðurstaða í hvaða lög gilda flugvöllum.

12. Mál til kynninga

Gögn frá aðalfundi BSRB.